

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Akureyri, 23. ágúst 2024  
UST202408-163/B.J.  
11.03

## Efni: Tillögur að veiðistjórnun á helsingja 2024

### Veiðistjórnunartillögur á helsingja 2024

Umhverfisstofnun gerir hér tillögur að breytingu á veiðitíma á helsingja fyrir árið 2024. Tillögurnar eru lagðar fram að undangengnu samráðsferli við lögbundna hagsmunaaðila og á grunni alþjóðlegs samstarfs sem fellur undir samning um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla (AEWA).

Tillögurnar eru lagðar fram til að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og til að koma í veg fyrir að stofn Austur-Grænlandshelsingja fari niður fyrir 54.000 fugla, þ.e. þau viðmiðunarmörk sem getið er í alþjóðlegri stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun vekur sérstaka athygli á því að um tímabundnar aðgerðir er að ræða og verða þær endurskoðaðar fyrir veiðitímabilið árið 2025.

*Með bréfi þessu leggur Umhverfisstofnun til að helsingjaveiði ársins 2024 verði með eftirfarandi hætti:*

*Tímabilið hefjist lögum skv. 1. september á landinu öllu nema í Austur- og Vestur Skaftafellssýslu þar sem tímabilið hefjist 10. september eins og síðustu ár. Lagt er til að tímabilinu ljúki á landinu á öllu 25. september:*

<i>Landið allt</i>	<i>1. - 25. september</i>
<i>Austur- Skaftafellssýsla</i>	<i>10. - 25. september</i>
<i>Vestur- Skaftafellssýsla</i>	<i>10. - 25. september</i>

*Sölubann verði sett á helsingja.*

*Umhverfisstofnun biðlar sérstaklega til veiðimanna að sýna hófsemi við veiðar. Mikilvægt er að allir hagsmunaaðilar komi að því hvatningarátaki.*

Umhverfisstofnun vísar til 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Segir þar að ráðherra geti með reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, aflétt friðun nokkurra fuglategunda, þ.á.m. helsingja.

### Aðdragandi

Austur-Grænlands-stofn helsingja, sem íslenski stofninn tilheyrir, hefur rýrnað mjög á allra síðustu árum. Bæði varð stofninn fyrir verulegum afföllum vegna bráðrar fugl aflensu en einnig hefur viðkomubrestur verið viðvarandi síðustu tvö sumur. Stofninn var metinn um 57.000 fuglar í mars 2024 og er því kominn nærri neðri viðmiðunarmörkum AEWA samningsins sem miðast við 54.000 fugla að vori. Í raun eru taldar 24% líkur að stofninn hafi nú þegar farið undir fyrrgreind mörk.

### Skilaboð frá AEWA

Í júní á þessu ári sendi vinnuhópur EGMP (e. European Goose Management Platform) skilaboð um að þær aðildarþjóðir (Ísland og Bretland) sem bera ábyrgð á helsingjastofninum á varptíma, farleiðum og vetrarstöðvum samþykki að grípa til aðgerða til að takmarka veiðar.

Málið var frekar rætt á aðildafundi þjóðanna dagana 18.-20. júní er EGMP kom saman í Tromsø í Noregi og var niðurstaðan sú að löndin skyldu strax ná samkomulagi um að lágmarka veiðar eins og kostur er.

Útreikningar úr IPM líkani fyrir stofninn sýna að haldist veiðar óbreyttar séu 43% líkur að stofninn muni fara undir viðmiðunarmörk. Nái þjóðirnar hins vegar að minnka veiðar niður í 600 fugla samtals minnka þessar líkur niður í 15%.

Þjóðirnar hafa nú fundað um málið og komist að sameiginlegri niðurstöðu um að ná heildarveiði úr stofninum niður í 600 fugla samtals. Skotar munu sækja um leyfi til að fella 100 fugla (derogation shooting) og Ísland hyggst ná veiði niður í 500 fugla.

### Úrræði og hugsanlegar aðgerðir til að draga úr veiðum

Við gerð á tillögum að hugsanlegum aðgerðum hefur Umhverfisstofnun fundað með Dr. Fred A. Johnson sérfræðingi hjá AEWA og aðilum frá Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofum. Þær aðgerðir sem skoðaðar hafa verið eru:

1. Veiðibann
2. Styttra tímabil - byrja fyrr og hætta fyrr
3. Styttra tímabil - byrja á sama tíma en hætta fyrr
4. Sölubann
5. Fræðsla og tilmæli til veiðimanna

Umhverfisstofnun vill ekki leggja til algert veiðibann á tegundinni enda myndi það valda mikilli óánægju, bæði meðal bænda og skotveiðimanna. Í þessu sambandi er einnig bent á að eitt af markmiðum fyrrnefndrar stjórnunar- og verndaráætlunar er að lágmarka tjón í landbúnaði. Í því ljósi er mikilvægt að viðhalda hóflegum skotveiðum sé þess nokkur kostur og koma þeim skilaboðum á framfæri að um tímabundna aðgerð sé að ræða sem snúið verði til baka um leið og stofninn fer að taka við sér.

Til lengri tíma litið er Umhverfisstofnun fylgjandi þeirri hugmynd að hefja veiðitímabil helsingja 1. september í Austur- og Vestur Skaftafellssýslum eins og annars staðar á landinu. Til þess að það megi verða að veruleika þarf hins vegar að fá gleggri mynd af dreifingu helsingja (vinna úr GPS gögnum sem safnað hefur verið) og því hvernig veiðiálag dreifist innan lögbundins veiðitímabils (með auknu samstarfi við veiðimenn og betri gagnaöflun). Stofnunin telur óvarlegt á þessum tímamarki að aflétta friðun á tímabilinu 1. til 10. september og útilokar ekki að sú aðgerð gæti stuðlað að of mikilli veiði.

Sem fyrr segir leggur Umhverfisstofnun til að upphaf veiðitíma verði óbreytt [1. sept um land allt og 10. september í A- og V- Skaftafellssýslum] en ljúki 25. september. Þau gögn sem stofnunin hefur í höndunum, m.a. endurheimtur merktra fugla úr afla, gefa tilefni til þess að ætla að með þessu móti megi komast nálægt markmiði um að fella ekki meira en 500 fugla á Íslandi. Einnig benda fyrirbyggjandi gögn til þess að með þessum hætti verði að mestu veitt úr íslenska varpstofninum þar sem grænlenkir varpfuglar virðast að mestu ekki koma til landsins fyrr en síðla september.

Umhverfisstofnun er fylgjandi því að leggja sölubann á tegundina og finnst almennt að sú regla eigi að gilda þegar um er að ræða tegundir sem eiga undir högg að sækja.

Þó ekki sé um beinar aðgerðir að ræða þarf að gera betur í að kynna fyrir veiðimönnum niðurstöður helstu rannsókna og fara í hvatningarátak varðandi hófsemi við veiðar. Mikilvægt er að allir hagaðilar komi að því.

Að lokum má nefna að fleiri að fleiri aðgerðir bar á góma en við skoðun kom í ljós að þær rúmast ekki innan ramma laganna. Þegar frumvarp að breytingum á lögum 64/1994 fer fyrir Alþingi er mikilvægt að endurskoða 21. gr. um veiðistjórnun til að tryggja fleiri úrræði en bara lengingu og styttingu veiðitíma. Má þar helst nefna hámarksfjölda veiddra fugla á dag eins og tíðkast víða erlendis (e. bag limit) en einnig opna á þann möguleika að stöðva tímabil þegar ákveðnum fjölda fugla er náð eins og dæmi eru um erlendis frá (samstarf við veiðimenn og rauntímaskráning).

## Fundur með hagsmunaaðilum – áhyggjur bænda

Föstudaginn 16. ágúst hélt Umhverfisstofnun samráðsfund um málið með öllum lögbundnum hagsmunaaðilum og til marks um mikilvægi málsins þá var mæting mjög góð þrátt fyrir stuttan fyrirvara. Að meðtöldum aðilum frá Umhverfisstofnun,

Náttúrustofum og Náttúrufræðistofnun mættu á fundinn aðilar frá Bændasamtökum Íslands og bændur af SA-landi, aðilar frá Sveitarfélaginu Hornafirði, Vatnajökulspjóðgarði, Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu og Fuglavernd; samtals 14 manns. Skotvís var boðið að taka þátt í fundinum en fulltrúi þeirra mætti ekki.

Fjörlegar umræður sköpuðust á fundinum og er óhætt að segja að aðilar bænda og fulltrúar frá sveitarfélaginu hafi lýst yfir þungum áhyggjum yfir áhrifum tegundarinnar á ræktarland og úrræðaleysi til að bregðast við því.

Niðurstaða fundarins var að koma á framfæri eftirfarandi punktum:

1. Ísland þarf að koma skýrar á framfæri við AEWA áhyggjum af því hvernig megi bregðast við ef síaukinn hluti stofns helsingja fer að verpa hér á landi.
2. Koma þarf til móts við bændur á svæðinu, hugsanlega með því að skoða hvort núverandi tjónabætur séu að skila nægilegum árangri.
3. Skoða þarf hvort hægt sé að veita fé í aðrar aðgerðir, t.d. með uppræktun svæða þar sem fuglinn fær að bíta (griðlönd).
4. Setja þarf fé í að meta tjón af völdum helsingja og útbreiðslu þess.
5. Tryggja þarf að þeir aðilar sem komu saman á fundinum haldi áfram samtali og reyni að finna fjölbreyttar lausnir á vandanum sem miða að því að sætta ólík sjónarmið.
6. Bæta þarf í vöktun og úrvinnslu gagna sem nú þegar hefur verið safnað.

Virðingarfyllt,  
Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Bjarni Jónasson  
**teymisstjóri**